



**Efnahags- og framfarastofnun (OECD)**

**Alþjóðleg rannsókn á kennslu og námi (TALIS) 2024**

## **Spurningalisti skólastjóra**

Aðalfyrirlögn

Íslenska

Menntamálastofnun, Víkurhvarfi 3, 203 Kópavogi

### **Alþjóðlegir framkvæmdaaðilar rannsóknarinnar**

International Association for the Evaluation of Educational Achievement (IEA),  
Hollandi og Þýskalandi

Australian Council for Educational Research (ACER), Ástralíu

RAND Europe, Bretlandi

cApStAn Linguistic Quality Control, Belgíu

---

# PQ\_Introduction\_is-IS

## Um TALIS 2024

Fjórða alþjóðlega könnunin sem gerð er á kennslu og námi (TALIS 2024) gefur kennurum og skólastjórum tækifæri til að hafa áhrif á rannsóknir og skilning fólks á menntun og stefnumörkun menntakerfisins. Efnahags- og framfarastofnun (OECD) stýrir könnuninni og tekur Ísland þátt í henni ásamt rúmlega 50 öðrum löndum.

Greining TALIS á þessum upplýsingum frá mörgum löndum gerir hverju landi kleift með samanburði að finna önnur lönd sem standa frammi fyrir samskonar áskorunum og læra af aðferðum annarra í stefnumörkun. Skólastjórar og kennarar munu tjá sig um málefni sem varða nám og kennslu, þ. á m. menntun þeirra sjálfra og starfsþróun, faglega og kennslufræðilega starfshætti, upplifun þeirra á starfinu, stofnanaumhverfi og stjórnun, einnig um viðfangsefni menntakerfa samtímans, t.d. varðandi fjölbreytileika og jafnrétti, menntun nemenda um samskipta- og tilfinningamál, notkun tækni í menntamálum og fræðslu um umhverfismál og sjálfbærni.

Könnunin er alþjóðleg og þess vegna getur verið að einstaka spurningar eigi ekki beinlínis við hér á landi. Í þeim tilvikum ertu vinsamlegast beðin(n) um að svara eins og þér finnst best eiga við.

## Trúnaður

Farið verður með allar upplýsingar sem safnast í þessari könnun sem trúnaðarmál. Niðurstöður hvers lands verða birtar, t.d. eftir tegund skóla í hverju landi, en tryggt er að hvorki þín svör, skólans þíns, né annarra starfsmanna skólans verði greinanlegar í niðurstöðum eða skýrslum sem greina frá þeim. Þátttaka í könnuninni er valfrjáls og hægt er að hætta þátttöku hvenær sem er.

## Um spurningalistann

- Í spurningalistanum er beðið um upplýsingar um kennslu og skólastefnu.
- Gert er ráð fyrir að skólastjóri svari spurningalistanum.
- Vinsamlegast ráðfærðu þig við aðra starfsmenn skólans ef þú hefur ekki tiltæk svör við einstökum spurningum.
- Það ætti að taka milli 45 og 60 mínútur að meðaltali að svara spurningunum á listanum.
- Með „skóli“ er í þessum spurningalista átt við stofnunina sem þú vinnur hjá og stjórnar, í samræmi við hefðbundinn skilning á hugtakinu hér á landi.
- Leiðbeiningar um hvernig svara á spurningunum eru skálettraðar.
- Flestum spurningum er hægt að svara með því að haka við eitt svar sem á best við.
- Ef vafamál koma upp varðandi eitthvað í spurningalistanum eða ef þú vilt fá nánari upplýsingar um spurningalistann eða rannsóknina getur þú haft samband við okkur í síma 8640535 eða 5147500.

**Kærar þakkir fyrir þátttökuna!**

---

**PQ\_Headline\_Personal\_Background\_is-IS**

## **Almennar upplýsingar**

*Þessar spurningar varða þig, menntun þín og stöðu þína sem skólastjóri. Vinsamlegast merktu í viðeigandi reit(i) þegar þú svarar spurningunum eða skrifaðu tölu(r) þar sem það á við.*

---

## PQ\_01\_is-IS

### Hvert er kyn þitt?

*Vinsamlegast merktu við eitt svar.*

☐

Kona

☐

Karl

☐

Kynsegin/annað

---

## PQ\_02\_is-IS

### Hver er aldur þinn?

*Vinsamlegast skrifaðu tölu.*

ára

---

## PQ\_04\_is-IS

## Hve lengi hefur þú verið á vinnumarkaði í árum talið, óháð því hvort þú hefur unnið í fullu starfi eða hlutastarfi?

*Ekki telja með löng tímabundin leyfi eins og fæðingarorlof.*

*Sum starfsreynsla getur átt heima í fleiri en einum flokki.*

*Vinsamlegast skrifaðu tölu í hverja röð. Skrifaðu 0 (núll) ef þau eru engin.*

*Vinsamlegast námundaðu að heilum árum.*

a) Ár í starfi sem skólastjóri í þessum skóla

b) Ár í starfi sem skólastjóri alls

c) Ár í starfi í öðrum þáttum skólastjórnunar (ekki telja með árin sem þú hefur starfað sem skólastjóri)

d) Ár í starfi sem kennari alls (teldu með öll ár við kennslu)

e) Ár í öðrum störfum

---

## PQ\_05\_is-IS

**Er kennsluskylda hluti af starfi þínu nú sem skólastjóri í þessum skóla?**

*Vinsamlegast merktu við eitt svar.*

- ☐ Já, yfir 50% af vinnutíma mínum
  - ☐ Já, allt að 50% af vinnutíma mínum
  - ☐ Nei
- 

## PQ\_06\_is-IS

**Hvert er núverandi starfshlutfall þitt hvað varðar vinnustundir sem skólastjóri í þessum skóla?**

*Vinsamlegast merktu við eitt svar.*

- ☐ Fullt starf (meira en 90% af fullu starfi)
- ☐ Hlutastarf (71%-90% af fullu starfi)
- ☐ Hlutastarf (50%-70% af fullu starfi)
- ☐ Hlutastarf (minna en 50% af fullu starfi)

---

## PQ\_07\_is-IS

**Var eftirfarandi hluti af þeirri formlegu menntun sem þú hefur lokið og, ef svo var, stundaðir þú þetta nám áður eða eftir að þú hófst störf sem skólastjóri?**

*Vinsamlegast merktu við eitt svar í hverri línu.*

	Fyrir	Eftir	Fyrir og eftir	Nei
a) Skólastjórnun eða þjálfun fyrir skólastjóra	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
b) Kennaraþjálfun/kennaramenntun	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
c) Námskeið eða þjálfun í kennslufræðilegri forystu	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

---

## PQ\_08\_is-IS

**Ef litið er til síðustu 12 mánaða, tókstu þátt í einhverjum af eftirtöldum starfsþróunarverkefnum sem voru ætluð þér sem**

## **skólastjóra?**

*Starfspróun er skilgreind sem viðfangsefni eða verkefni sem miða að því að þroska faglega færni og þekkingu einstaklingsins.*

*Vinsamlegast merktu við eitt svar í hverri línu.*

Já, í eigin persónu	Já, í gegnum fjarfunda- búnað eða á netinu	Já, í eigin persónu og í gegnum fjarfunda- búnað/á netinu	Nei
---------------------	--	--	-----

a) Námskeiðum/málstofum/vinnustofum um faggreinar, kennsluaðferðir eða uppeldisfræðileg viðfangsefni

☐☐☐☐

b) Námskeiðum/málstofum/vinnustofum um stjórnun/forystu

☐☐☐☐

c) Ráðstefnum um menntamál þar sem kennarar, skólastjórar og/eða rannsakendur kynna rannsóknir sínar eða ræða menntamál

☐☐☐☐

d) Formlegu námi (t.d. námi sem lýkur með prófgráðu)

☐☐☐☐

e) Jafningjapjálfun og/eða sjálfsskoðun með formlegu fyrirkomulagi

☐☐☐☐

f) Þátttöku í tengslaneti skólastjóra sem myndað hefur verið sérstaklega fyrir starfspróun skólastjóra



<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
g) Aflaði mér fróðleiks að eigin frumkvæði			
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
h) Námskeiðum/málstofum/vinnustofum um þróun áætlunar um notkun stafræns efnis og tækni við kennslu			
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
i) Öðru			
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

## PQ\_09\_is-IS

**Ef litið er til síðustu 12 mánaða, tókstu þátt í starfsþróunarverkefnum á eftirtöldum sviðum sem ætluð voru þér sem skólastjóra?**

*Með „sjálfbærni“ er átt við það að geta fullnægt þörfum okkar í dag án þess að stefna í voða möguleikum komandi kynslóða til þess að fullnægja sínum þörfum. Það felur í sér varðveislu náttúruauðlinda og verndun vistkerfa jarðarinnar. Loftslagsbreytingar eru ein helsta ógnin við sjálfbærni á sviði umhverfismála.*

*Vinsamlegast merktu við eitt svar í hverri línu.*

Já

Nei

a) Um þekkingu og skilning á sjálfbærni á sviði umhverfismála.

☐☐

b) Um hvernig skólinn geti stuðlað að sjálfbærni á sviði umhverfismála með breyttum starfsháttum og minnkað vistfræðilegt fótspor (t.d. með orku- og vatnssparnaði, minni neyslu, endurvinnslu)

☐☐

c) Um hvernig styðja megi kennara í kennslu um sjálfbærni á sviði umhverfismála.

☐☐

---

## PQ\_10\_is-IS

**Vinsamlegast merktu við að hve miklu leyti þú þarft núna á starfsþróun að halda á eftirtöldum sviðum.**

*Vinsamlegast merktu við eitt svar í hverri línu.*

Engin þörf eins og  
er

Lítill þörf

Nokkur þörf

Mikil þörf

a) Þekking og skilningur á nýjungum í rannsóknum og kenningum á sviði stjórnnunar

☐☐☐☐

b) Þekking og skilningur á núverandi menntastefnu ríkis og sveitarfélaga

☐☐☐☐

c) Nýting raungagna til þess að auka gæði skólans

☐☐☐☐

d) Gerð skólanámskrár

☐☐☐☐

e) Skipuleggja starfsþróun fyrir eða með kennurum

☐☐☐☐

f) Að fylgjast með kennslu í kennslustofunni

☐☐☐☐

g) Að veita endurgjöf sem skilar árangri

☐☐☐☐

h) Að efla jöfnuð og fjölbreytileika

☐☐☐☐

i) Að efla samvinnu kennara

☐☐☐☐

j) Skólastjórnun (t.d. mannauðsstjórnun, fjármálastjórn)

☐☐☐☐

k) Að þróa aðgerðaáætlun um notkun stafræns efnis og tækni við kennslu

☐☐☐☐

l) Þekking og skilningur á sjálfbærni á sviði umhverfismála

☐☐☐☐

m) Stuðla að vellíðan starfsfólks

☐☐☐☐

---

## PQ\_Headline\_School\_Background\_is-IS

### Almennar upplýsingar um skólann

---

## PQ\_13\_is-IS

**Hversu hátt hlutfall fjárframlaga (%) til skólans á venjulegu skólaári kemur frá eftirfarandi aðilum?**

*Vinsamlegast færðu inn tölu í hverja línu.*

*Skrifaðu 0 (núll) ef hlutfallið er ekkert.*

- a) Stjórnvöldum (þar á meðal ráðuneytum, sveitarfélögum, ríki, svæðisbundnum, héraðsbundnum og alþjóðlegum stjórnvaldsstigum)

 %

- b) Skólagjöldum sem foreldrar eða forráðamenn greiða

 %

- c) Annað (t.d. gjafir, styrkir, fjáröflun)

 %

---

## PQ\_14\_is-IS

### Er þessi skóli rekinn af hinu opinbera eða af einkaaðilum?

*Vinsamlegast merktu við eitt svar.*

☐ Rekinn af hinu opinbera  
*Þessi skóli er rekinn af opinberum fræðsluyfirvöldum, sveitarfélagi, eða stjórn sem skipuð er af ríkinu eða kjörnum fulltrúum.*

☐ Rekinn af einkaaðilum  
*Þessi skóli er rekinn af fjálsum félagasamtökum, t.d. kirkju, stéttarfélagi, fyrirtæki eða annarri einkastofnun.*

---

## Vinsamlegast tilgreindu hve margir (fjöldi einstaklinga) vinna eftirtalin störf í skólanum þínum núna.

*Hver einstaklingur gæti tilheyrt mörgum flokkum. Telja skal með starfsfólk í tímabundnu starfi og starfsfólk á vegum verktaka.*

*Vinsamlegast skrifaðu tölu í hverja röð. Skrifaðu 0 (núll) ef það er enginn.*

- a) Kennarar, án tillits til þeirra bekkjardeilda eða aldurs sem þeir kenna  
*þeir sem hafa það að meginstarfi í þessum skóla að veita nemendum kennslu*

- b) Starfsfólk í stuðningskennslu, án tillits til þeirra bekkjardeilda eða aldurs sem þeir styðja  
*Hér teljast með allir aðstoðarkennarar, skólaliðar eða annað starfsfólk sem er ekki kennarar en veitir kennslu eða styður kennara við að veita kennslu, einnig sérfræðingar í námskrárgerð eða kennslu, sérfræðingar í miðlun námsefnis, sálfræðingar og hjúkrunarfræðingar*

- c) Skrifstofufólk við skólann  
*Hér teljast með móttökustjórar, ritarar, bókhaldarar og aðstoðarfólk stjórnenda*

- d) Stjórnendur skólans  
*Hér teljast með skólastjórar, aðstoðarskólastjórar og aðrir stjórnendur sem hafa stjórnun eða rekstur að aðalverksviði*

e) Annað starfsfólk (t.d. í mótuneyti, við ræstingar, tæknistörf eða gangavörslu)

---

## PQ\_16\_is-IS

**Vinsamlegast tilgreindu fjölda starfsmanna skólans (ekki aðeins stöðugildin) sem eftirfarandi á við um.**

*Teldu með starfsfólk í hlutastarfi og starfsfólk sem hóf vinnu á þessu ári.*

*Teldu með alla starfsmenn af öllu tagi, þar með talið þá sem fóru á eftirlaun, í fæðingarorlof eða voru aðeins tímabundið í kennslu.*

*Vinsamlegast skrifaðu tölu í hverja röð. Skrifaðu 0 (núll) ef það var enginn.*

a) Kennarar sem hófu störf við þennan skóla á síðustu 12 mánuðum

b) Kennarar sem létu af störfum á síðustu 12 mánuðum

c) Kennarar sem voru fjarverandi síðasta þriðjudag sem skóli var starfandi

# PQ\_17\_is-IS

**Eru eftirfarandi námsstig og/eða námsþættir kenndir í þessum skóla?**

*Vinsamlegast merktu við eitt svar í hverri línu.*

Já

Nei

a) Leikskólastig

☐☐

b) Yngsta stig og miðstig grunnskóla

☐☐

c) Unglingastig: bóknámsgreinar

☐☐

d) Unglingastig: starfsnámsgreinar, tækni- og verknám

☐☐

e) Framhaldsskólastig: bóknámsgreinar

☐☐

f) Framhaldsskólastig: starfsnámsgreinar, tækni- og verknám



☐☐

---

## PQ\_18\_is-IS

**Hve margir nemendur eru innritaðir í skólann núna, þ.e. fjöldi nemenda í öllum bekkjum/aldurshópum skólans?**

*Vinsamlegast skrifaðu tölu.*

nemendur

---

## PQ\_19\_is-IS

**Hversu oft eru eftirfarandi þættir hafðir til hliðsjónar við inntöku nemenda í skólann?**

*Vinsamlegast merktu við eitt svar í hverri línu.*

Aldrei

Stundum

Oftast

Alltaf

a) Búseta á tilteknu svæði

☐☐☐☐

b) Upplýsingar um frammistöðu nemandans í námi (þ. á m. stöðupróf)

☐☐☐☐

c) Meðmæli frá skólanum sem nemandi kemur úr

☐☐☐☐

d) Hvort foreldrar aðhyllist kennslufræðilega- eða trúarlega stefnu skólans

☐☐☐☐

e) Hvort nemandi þarfnist eða hafi sérstakan áhuga á tiltekinni námsbraut

☐☐☐☐

f) Forgangur veittur skyldmennum núverandi eða fyrrverandi nemenda

☐☐☐☐

g) Neyðarástand (t.d. átök, náttúruhamfarir, ógn við heilsufar almennings)

☐☐☐☐

---

## PQ\_20\_is-IS

**Hver er stefna skólans varðandi kennslu nemenda af ólíku getustigi?**

*Vinsamlegast merktu við eitt svar í hverri línu.*

Í engri námsgrein

Í sumum námsgreinum

Í öllum námsgreinum

a) Nemendum er skipt í kennslustofur eftir námsgetu þeirra

☐☐☐

b) Nemendum er skipt í hópa í kennslustofunni eftir námsgetu þeirra

☐☐☐

---

## PQ\_21\_is-IS

**Vinsamlegast áætlaðu gróflega hlutfall nemenda á unglingastigi í þessum skóla sem hafa eftirfarandi einkenni.**

*Nemendur kunna að falla undir fleiri en einn flokk.*

*„Nemendur sem þurfa sérstakan stuðning í námi“ eru þeir nemendur sem hafa hlotið formlega greiningu á þörf sinni fyrir sérkennslu vegna þess að þeir eru andlega, líkamlega eða tilfinningalega illa staddir. Það er oft vegna þessara nemenda sem viðbótarúrræði hafa fengist frá hinu opinbera eða einkaaðilum (starfsfólk, námsgögn eða fjármunir) til að styðja við nám þeirra.*

*„Efnahagslega- og félagslega illa stödd heimili“ vísar til heimila sem skortir helstu nauðsynjar eða grunnaðstöðu, svo sem viðunandi húsnæði, mat eða læknisþjónustu.*

*„Þjóðernisminnihlutar eða frumbyggjasamfélög“ vísar til hópa sem eru afsprengi sögulegrar þróunar eða deila tilteknum eiginleikum, sem má heimfæra upp á tiltekin landsvæði og sameiginlegan uppruna, hefðir, trú, samfélagsleg gildi, menningararf og tungu, og/eða stöðu sem innflytjendur og upprunabjóðerni.*

*„Nemandi sem er innflytjandi“ er sá sem fæddur er erlendis. „Nemandi með innflytjendabakgrunn“ á foreldra sem báðir eru fæddir erlendis.*



g) Nemendur sem eru innflytjendur eða með innflytjendabakgrunn  
(flóttafólk ekki meðtalið)

<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
--------------------------	--------------------------	--------------------------	--------------------------	--------------------------	--------------------------	--------------------------	--------------------------

h) Nemendur sem eru flóttafólk

<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
--------------------------	--------------------------	--------------------------	--------------------------	--------------------------	--------------------------	--------------------------	--------------------------

---

## PQ\_Headline\_School\_Leadership\_is-IS

### Skólaforysta

---

## PQ\_22\_is-IS

### Er stjórnunarteymi starfandi við skólann?

*Með „stjórnunarteymi“ er átt við hóp innan skólans sem ber ábyrgð á og gegnir forystuhlutverki þegar teknar eru ákvarðanir sem varða kennslu, nýtingu á tiltækum úrræðum, námsskrá, matsþætti eða aðrar stefnumarkandi ákvarðanir sem tengjast eðlilegri virkni skólans.*

*Vinsamlegast merktu við eitt svar.*

☐ Já

☐ Nei

---

## PQ\_23\_is-IS

### Eru eftirfarandi aðilar í stjórnunarteymi skólans þíns?

Vinsamlegast merktu við eitt svar í hverri línu.

Já

Nei

Á ekki við

a) Skólastjóri

☐☐☐

b) Aðstoðarskólastjóri

☐☐☐

c) Fjármálastjóri (t.d. endurskoðandi, gjaldkeri)

☐☐☐

d) Deildarstjórar

☐☐☐

e) Kennarar

<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
f) Skólaráð		
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
g) Foreldrar eða forráðamenn		
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
h) Nemendur		
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
i) Aðrir		
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

## PQ\_24\_is-IS

**Ef litið er til þessa skóla, hver ber umtalsverða ábyrgð á eftirfarandi verkefnum?**

*Með „umtalsverðri ábyrgð“ er átt við það að taka virkan þátt í ákvörðunum um viðkomandi mál.*

Vinsamlegast merktu við eins mörg svör og við á í hverri línu.

Skólastjóri	Aðrir í stjórnunar- teymi skólans	Kennarar (ekki í stjórnunar- teymi skólans)	Skólaráð	Ríki/ sveitarfélag
-------------	---	---	----------	-----------------------

a) Val á kennurum til starfa

☐☐☐☐☐

b) Brottrekstur kennara

☐☐☐☐☐

c) Ákvörðun um byrjunarlaun kennara

☐☐☐☐☐

d) Ákvörðun um launahækkunir kennara

☐☐☐☐☐

e) Ákvörðun um úthlutun fjármagns innan skólans

☐☐☐☐☐

f) Setja agareglur fyrir nemendur

☐☐☐☐☐

g) Ákvarða hvernig námsmat skuli fara fram, þ.á m. samræmt námsmat á einstökum landssvæðum eða landinu í heild

☐☐☐☐☐

h) Samþykkt á inntöku nemenda í skólann

☐☐☐☐☐

i) Val á námsefni

☐☐☐☐☐



j) Ákvörðun um innihald námsins, þ.á m. námskrá fyrir einstök landssvæði eða landið í heild

☐☐☐☐☐

k) Ákvörðun um hvaða námskeið/námsgreinar eru í boði

☐☐☐☐☐

## PQ\_25\_is-IS

**Ef litið er til þessa skóla, hver ber umtalsverða ábyrgð á eftirfarandi verkefnum?**

*Með „umtalsverðri ábyrgð“ er átt við það að taka virkan þátt í ákvörðunum um viðkomandi mál.*

*Vinsamlegast merktu við eins mörg svör og við á í hverri línu.*

Skólastjóri

Aðrir í  
stjórnunar-  
teymi skólans

Kennarar (ekki  
í stjórnunar-  
teymi skólans)

Skólaráð

Ríki/  
sveitarfélag

a) Ákvörðunum um nýtingu stafræns efnis og tækni við kennslu

☐☐☐☐☐

b) Ákvörðunum um starfshætti skólans varðandi sjálfbærni á sviði umhverfismála og vistfræðilegt fótspor (t.d. orkusparnað og minni vatnsnotkun, minni neyslu, endurnýtingu)

☐☐☐☐☐

c) Ákvörðunum um stefnu varðandi fjölbreytileika nemenda

☐☐☐☐☐

d) Ákvörðunum um stefnumörkun varðandi fjölbreytileika kennara

☐☐☐☐☐

e) Að auðvelda kennurum að sinna starfsþróun sem miðar að félagslegum og tilfinningalegum þroska nemenda

☐☐☐☐☐

f) Ákvörðunum um forgangsörðun í umbótastarfi við skólann

☐☐☐☐☐

---

## PQ\_26\_is-IS

**Hversu hátt hlutfall af tíma þínum í starfi þínu sem skólastjóri fer í eftirfarandi verk að meðaltali yfir skólaárið í þessum skóla?**

Vinsamlegast merktu við eitt svar í hverri línu.

Aldrei  
eða  
nánast  
aldrei

Nokkrum  
sinnum á  
ári

Sjaldnar  
en  
mánaðar-  
lega

Mánaðar-  
lega

Vikulega

Daglega

Oft á  
dag

a) Forystuverkefni og fundahöld

*þ. á m. vinna við stefnumótun, forystu- og stjórnunaraðgerðir eins og að þróa áætlanir um umbætur varðandi skóla og mannauðsmál og stafsmanamál svo sem að ráða starfsfólk*

☐☐☐☐☐☐☐

b) Verkefni og fundir sem lúta að námskrárgerð og kennslu

*Hér teljast með námskrárþróun, kennsla, bekkjarathugun, mat á nemendum, leiðsögn kennara, starfsþróun kennara*

☐☐☐☐☐☐☐

c) Samskipti við kennara og annað starfsfólk *þ. á m. ráðgjöf, endurgjöf og mat, skólatengd verkefni önnur en kennsla*

☐☐☐☐☐☐☐

d) Samskipti við nemendur

*þ. á m. ráðgjöf og samtöl utan við skipulögð skólaverkefni, agi*

☐☐☐☐☐☐☐

e) Samskipti við foreldra eða forráðamenn

*Bæði formleg og óformleg samskipti*

☐☐☐☐☐☐☐

f) Samskipti við samfélagið á staðnum eða í sveitarfélaginu, fyrirtæki og atvinnugreinar

☐☐☐☐☐☐☐

g) Neyðarinngrip

*p. á m. að bregðast við skemmdum á innviðum skólans, neyðarástandi í samfélaginu í nærumhverfi eða landinu í heild*

☐☐☐☐☐☐☐

h) Stjórnsýsluverkefni og fundahöld *p. á m. vinna við móttun reglna, skýrslur, fjárhagsáætlun skólans, gerð stundaskráa og skipan í bekk, ásamt því að svara erindum frá ríki, sveitarfélagi eða öðrum opinberum aðila á sviði menntamála.*

☐☐☐☐☐☐☐

i) Annað

☐☐☐☐☐☐☐

---

## PQ\_27\_is-IS

**Vinsamlegast tilgreindu hve oft þú tókst þátt í eftirfarandi í þessum skóla síðastliðna 12 mánuði.**

*Vinsamlegast merktu við eitt svar í hverri línu.*

Aldrei eða sjaldan

Stundum

Oft

Mjög oft

a) Ég vann með kennurum við að leysa agavandamál í kennslustofunni.

☐☐☐☐

b) Ég stundaði bekkjarathugun.

☐☐☐☐

c) Ég veitti kennurum endurgjöf á grundvelli þess sem ég sá.

☐☐☐☐

d) Ég studdi á virkan hátt samstarf kennara sem eru að þróa nýjar kennsluaðferðir.

☐☐☐☐

e) Ég reyndi að tryggja að kennarar tækju ábyrgð á að bæta kennslufærni sína.

☐☐☐☐

f) Ég greip til aðgerða til þess að tryggja að kennurum fyndist þeir bera ábyrgð á námsárangri nemenda sinna.

☐☐☐☐

g) Ég upplýsti foreldra eða forráðamenn um frammistöðu skólans og nemendanna.

☐☐☐☐

h) Ég endurskoðaði starfshætti og skýrslur skólans.

☐☐☐☐

i) Ég leysti vandamál tengd stundatöflu námsgreina í þessum skóla.

☐☐☐☐

j) Ég vann með skólastjórum annarra skóla að krefjandi verkefnum.

☐☐☐☐

k) Ég vann að gerð starfspróunaráætlunar fyrir skólann.

☐☐☐☐

---

## PQ\_28\_is-IS

**Vinsamlegast tilgreindu hversu oft þú aðhafðist eitthvað á eftirfarandi sviðum á síðustu 12 mánuðum.**

*Vinsamlegast merktu við eitt svar í hverri línu.*

Aldrei eða sjaldan

Stundum

Oft

Mjög oft

a) Studdi við innleiðingu stafræns efnis og tækni í kennslu

☐☐☐☐

b) Veitti stuðning vegna fjölbreytileika nemenda

☐☐☐☐

c) Veitti stuðning vegna fjölbreytileika kennara

☐☐☐☐

d) Stuðlaði að bættum félagslegum- og tilfinningalegum þroska nemenda við skólann.

☐☐☐☐

e) Styrkti stöðu skólans varðandi sjálfbærni á sviði umhverfismála og vistfræðilegt fótspor (t.d. með því að stuðla að minni orku- og vatnsnotkun, minni neyslu, endurnýtingu).

☐☐☐☐

f) Veitti stuðning kennurum sem hafa áhuga á að kenna um loftlagsbreytingar

☐☐☐☐

---

## PQ\_30\_is-IS

**Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum um kennara skólans?**

*Vinsamlegast merktu við eitt svar í hverri línu.*

Mjög ósammála

Ósammála

Sammála

Mjög sammála

a) Kennarar taka að sér leiðandi hlutverk í að efla faglegt lærdómssamfélag.

☐☐☐☐

b) Kennarar eiga frumkvæði að og leiða samstarfsverkefni

☐☐☐☐

c) Kennarar leiða faglegan vöxt og þroska þeirra sjálfa í starfi þegar mögulegt er.

☐☐☐☐

d) Kennarar taka þátt í viðburðum og verkefnum til viðbótar við sjálfa kennsluna.

☐☐☐☐

---

## PQ\_Headline\_Induction\_is-IS

### Nýliðapjálfun, leiðsögn og formlegt starfsmat

---

## PQ\_32\_is-IS

**Hvaða kennurum er veitt neðangreind nýliðapjálfun í þessum skóla?**



*„Nýliðabjálfun“ er til þess ætluð að styðja við bakið á nýjum kennurum þegar þeir eru að stíga sín fyrstu skref innan greinarinnar og til að styðja við reynslumeiri kennara sem eru nýráðnir til skólans.*

Nýliðabjálfun getur verið „formleg áætlun fyrir nýliða“, t.d. falist í reglubundinni leiðsögn eða eftirliti skólastjóra, minni kennsluskyldu, skipulögðum stuðningi reynslumeiri kennara, o.s.frv. eða „óformleg nýliðabjálfun“, sem er ekki skipulögð fyrirfram, þ. á m. almenn kynning á skólanum og starfinu, óformleg vinna með öðrum nýjum kennurum, afhending handbókar fyrir nýliða o.s.frv.

*„Kennarar sem eru nýir í kennslu“ vísar til þeirra sem hafa starfað skemur en eitt ár við kennslu.*

*Vinsamlegast merktu við eitt svar í hverri línu.*

Allir nýir kennarar við skólann

Aðeins kennarar sem eru að hefja sinn kennsluferil

Enginn

a) Formleg áætlun fyrir nýliða

☐☐☐

b) Óformleg nýliðabjálfun

☐☐☐

---

## PQ\_33\_is-IS

**Hver eftirtalinna atriða eru hluti af nýliðabjálfun í þessum skóla?**

*Vinsamlegast merktu við eitt svar í hverri línu.*

Já

Nei

a) Námskeið/málstofur/vinnustofur þar sem þátttakendur mæta á fundarstað

☐☐

b) Námskeið/málstofur/vinnustofur á netinu

☐☐

c) Samstarf í gegnum tölvur (t.d. netsamfélag)

☐☐

d) Skipulagðir fundir með skólastjóra og/eða reyndum kennurum

☐☐

e) Leiðsögn skólastjóra og/eða reyndra kennara

☐☐

f) Tengslamyndun/samvinna við aðra kennara

☐☐

g) Teymiskennsla með reyndum kennurum

☐☐

h) Ritun dagbóka, efni safnað í vinnumöppur

☐☐

i) Minni kennsluskylda

☐☐

j) Kynning á almennum starfi, stjórnun og skipulagi innan skólans

☐☐

---

## PQ\_34\_is-IS

### Hafa kennarar við skólann aðgang að leiðsögn?

*„Leiðsögn“ er skilgreind sem skipulagður stuðningur í skólum þar sem reyndur kennari veitir kennara með minni reynslu stuðning. Þetta fyrirkomulag gæti náð til allra kennara skólans eða aðeins til nýrra kennara.*

*Vinsamlegast merktu við eitt svar.*

☐

Já, en aðeins kennarar sem eru að hefja sinn kennsluferil, þ.e. sem hafa starfað skemur en eitt ár sem kennarar, hafa aðgang.

☐

Já, allir kennarar sem eru nýir í þessum skóla hafa aðgang.

☐

Já, allir kennarar í þessum skóla hafa aðgang.

☐

Nei, sem stendur hefur enginn kennari aðgang að leiðsögn í þessum skóla.

---

## PQ\_35\_is-IS

## Er(u) aðalnámsgrein(ar) leiðbeinandans sú sama (þær sömu) og kennarans sem nýtur leiðsagnarinnar?

*Vinsamlegast merktu við eitt svar.*

- ☐ Já, oftast
- ☐ Já, stundum
- ☐ Nei, sjaldan eða aldrei

---

## PQ\_37\_is-IS

### Hversu oft, að meðaltali, er hver kennari formlega metinn í þessum skóla af eftirtöldum aðilum?

*„Formlegt mat“ er skilgreint sem skoðun skólastjóra, ytri eftirlitsaðila eða samstarfsaðila á starfi kennara (t.d. sem hluti af skilgreindu frammistöðumatskerfi, með skilgreindum aðferðum og viðmiðum), frekar en óformleg nálgun (svo sem óformlegt samtal).*

*Ef enginn svarmöguleika endurspeglar stöðuna í þessum skóla, vinsamlegast veldu þá þann sem kemst næst því.*

*Vinsamlegast merktu við eitt svar í hverri línu.*

Aldrei

Sjaldnar en einu sinni á ári

Einu sinni á ári

Tvisvar á ári eða oftár

a) Skólastjóra

☐☐☐☐

b) Öðrum í stjórnunarteymi skólans

☐☐☐☐

c) Tilnefndum leiðbeinendum

☐☐☐☐

d) Kennurum (sem eru ekki hluti af stjórnarteymi skólans)

☐☐☐☐

e) Utanaðkomandi aðilum (t.d. eftirlitsmönnum, fulltrúum sveitarfélagsins, starfsfólki svæðisskrifstofa eða öðru fólki utan skólans)

☐☐☐☐

---

## PQ\_38\_is-IS

**Hver notar eftirfarandi tegundir upplýsinga við formlegt mat á störfum kennara í þessum skóla?**

Fólk í  
stjórnunar-

Aðrir  
kennarar  
(ekki í

Ytri aðilar eða stofnanir	Skóla- stjóri	teymi skólans	Tilnefndir leiðbein- endur	stjórnunar- teymi skólans)	Ekki notað í þessum skóla
a) Beint eftirlit með kennslu í kennslustofu					
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
b) Skoðanakönnun meðal nemenda um kennslu					
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
c) Mat á þekkingu kennara á kennsluefninu					
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
d) Árangur nemenda í ytri prófunum (t.d. niðurstöður úr samræmdum prófum)					
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
e) Niðurstöður úr árangursmati í bekknum eða skólanum í heild (t.d. frammistöðumati, útkomu verkefna, prófaniðurstöðum)					
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
f) Sjálfsmat kennara (t.d. kynning á hæfnimöppu, greining á kennslu með notkun myndbanda)					
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

## Vinsamlegast tilgreindu hve oft eftirfarandi á sér stað í þessum skóla eftir að kennaramat hefur farið fram.

*Vinsamlegast merktu við eitt svar í hverri línu.*

Aldrei

Stundum

Oftast

Alltaf

- a) Mögulegar aðgerðir til að bæta úr veikleikum í kennslunni eru ræddar við kennarann.

☐☐☐☐

- b) Þróunar- eða þjálfunaráætlun er gerð fyrir hvern kennara.

☐☐☐☐

- c) Gripið er til fjárhagslegra refsiaðgerða, t.d. dregið úr árlegum launahækkunum.

☐☐☐☐

- d) Skipaður er leiðbeinandi til að hjálpa kennaranum að bæta kennslu sína.

☐☐☐☐

- e) Breyting er gerð á vinnuskyldu kennara (t.d. með því að auka eða minnka kennslu eða umsjónar- og stjórnunarstörf eða leiðsagnarstörf þeirra)

☐☐☐☐

- f) Laun kennara eru hækkuð eða kaupauki greiddur

☐☐☐☐

g) Breyting á líkum á stöðuhækkun kennara

☐☐☐☐

h) Uppsögn eða ráðningarsamningur ekki endurnýjaður.

☐☐☐☐

---

## PQ\_Headline\_School\_Climate\_is-IS

### Skólabragur

---

## PQ\_40\_is-IS

**Hversu sammála eða ósammála ertu þessum fullyrðingum hvað varðar þennan skóla?**

*Vinsamlegast merktu við eitt svar í hverri línu.*

Mjög ósammála

Ósammála

Sammála

Mjög sammála



a) Þessi skóli veitir starfsfólki tækifæri til að taka virkan þátt í ákvörðunum um skólann.

☐☐☐☐

b) Þessi skóli veitir foreldrum og forráðamönnum tækifæri til að taka virkan þátt í ákvörðunum um skólann.

☐☐☐☐

c) Þessi skóli veitir nemendum tækifæri til að taka virkan þátt í ákvörðunum um skólann.

☐☐☐☐

d) Ég tek mikilvægar ákvarðanir sjálf (ur).

☐☐☐☐

e) Í skólanum ríkir andi samvinnu sem einkennist af gagnkvæmum stuðningi.

☐☐☐☐

f) Starfsfólk skólans hefur sameiginlega sýn á kennslu og nám.

☐☐☐☐

g) Starfsfólk skólans er hvatt til að sýna frumkvæði.

☐☐☐☐

h) Kennarar geta treyst hver á annan.

☐☐☐☐

# PQ\_41\_is-IS

## Að hve miklu leyti eiga eftirfarandi fullyrðingar við um þennan skóla?

*Vinsamlegast merktu við eitt svar í hverri línu.*

Alls ekki

Að einhverju leyti

Að þó nokkru leyti

Að miklu leyti

a) Kennarar skilja markmið námskrár.

☐☐☐☐

b) Kennurum tekst að framfylgja námskrá.

☐☐☐☐

c) Kennarar hafa miklar væntingar um árangur nemenda.

☐☐☐☐

d) Foreldrar/forráðamenn styðja við árangur nemenda.

☐☐☐☐

e) Foreldrar/forráðamenn taka virkan þátt í starfsemi skólans.

☐☐☐☐

f) Nemendur vilja standa sig vel í skólanum.

☐☐☐☐

g) Nemendur sem skara fram úr í skólanum verða fyrir aðkasti.

☐☐☐☐

h) Samstarf milli skólans og nærsamfélagsins er mikið.

☐☐☐☐

---

## PQ\_42\_is-IS

**Að hve miklu leyti koma eftirfarandi atriði í veg fyrir að þessi skóli geti veitt vandaða fræðslu?**

*Vinsamlegast merktu við eitt svar í hverri línu.*

Alls ekki

Að einhverju leyti

Að þó nokkru leyti

Að miklu leyti

a) Skortur á réttindakennurum

☐☐☐☐

b) Skortur á kennurum með hæfni til að kenna nemendum sem þurfa sérstakan stuðning í námi

☐☐☐☐

c) Skortur á kennurum í starfsmiðuðum verknámsgreinum

☐☐☐☐

d) Skortur á kennsluefni eða ófullnægjandi kennsluefni (t.d. kennslubækur)

☐☐☐☐

e) Skortur á eða ófullnægjandi stafrænt efni og tækni til kennslu

☐☐☐☐

f) Ófullnægjandi aðgangur að interneti

☐☐☐☐

g) Ófullnægjandi bókasafnsþjónusta

☐☐☐☐

h) Skortur á stuðningsstarfsfólki eða aðstoðarfólki

☐☐☐☐

i) Skortur á eða ófullnægjandi kennslusvæði (t.d. kennslustofur)

☐☐☐☐

j) Skortur á eða ófullnægjandi húsakynni (t.d. skólahúsgögn, skólabyggingar, upphitun og loftkæling, lýsing)

☐☐☐☐

k) Skortur á kennurum sem hæfir eru til að kenna nemendum í fjölmennningarlegu eða fjöltyngdu umhverfi

☐☐☐☐

l) Skortur á kennurum sem hæfir eru til að kenna nemendum frá heimilum sem standa illa félagslega eða efnahagslega

☐☐☐☐

m) Skortur á kennsluefni eða ófullnægjandi kennsluefni í starfsmiðuðum verknámsgreinum

☐☐☐☐

n) Of lítill eða ófullnægjandi tími til þess að veita kennslufræðilega forystu

☐☐☐☐

o) Ófullnægjandi veitur (t.d. vatn, rafmagn og skolp/hreinlæti)

☐☐☐☐

---

## PQ\_43 (Version A)\_is-IS

**Hversu oft kemur eftirfarandi fyrir í þessum skóla á meðal nemenda?**

*Vinsamlegast merktu við eitt svar í hverri línu.*

Aldrei

Sjaldnar en  
mánaðar-lega

Mánaðar-lega

Vikulega

Daglega

a) Skemmdarverk og þjófnaður

☐☐☐☐☐

b) Ógnanir eða einelti í nemendahópnum (eða annars konar svívirðingar) í húsnæði skólans eða á skólalóðinni

☐☐☐☐☐

c) Ógnanir eða einelti (eða annars konar svívirðingar) í samskiptum nemenda á netinu

☐☐☐☐☐

d) Líkamsmeiðingar vegna ofbeldis meðal nemenda

☐☐☐☐☐

e) Ógnanir eða svívirðingar á skólalóðinni gagnvart kennurum eða starfsfólki

☐☐☐☐☐

f) Ógnanir eða svívirðingar á netinu gagnvart kennurum eða starfsfólki

☐☐☐☐☐

g) Notkun eða varsla fíkniefna og/eða áfengis

☐☐☐☐☐

---

**PQ\_Headline\_Schooling\_Environments\_is-IS**

**Skólahald í fjölmennningarlegu umhverfi**

*Í þessum hluta eru spurningar um stefnu skólans og starfshætti varðandi fjölbreytileika. Með „fjölbreytileika“ er átt við það að átta sig á og hafa skilning á því að þjóðernislegur, menningarlegur eða félags- og efnahagslegur bakgrunnur getur verið mismunandi, einnig kynvitund og námsþarfir nemenda og starfsfólks.*

---

## PQ\_45\_is-IS

**Eru í þessum skóla nemendur af mismunandi menningarlegum eða þjóðernislegum uppruna?**

*Vinsamlegast merktu við eitt svar.*

☐ Já

☐ Nei

---

## PQ\_46\_is-IS

**Eru eftirfarandi stefnur og starfshættir viðhafðir þegar kemur að fjölbreytileika nemenda?**

*Vinsamlegast merktu við eitt svar í hverri línu.*

Já

Nei

- a) Stutt er við starfsemi eða samtök sem hvetja nemendur til þess að tjá ólíka menningu- eða þjóðarvitund (t.d. í listrænu starfi).

☐☐

- b) Fjölmennningarlegir viðburðir eru skipulagðir (t.d. dagur tileinkaður menningarlegum fjölbreytileika).

☐☐

- c) Nemendum er kennt hvernig eigi að bregðast við mismunun á grundvelli þjóðernis eða menningarlegs uppruna.

☐☐

- d) Teknir eru upp kennsluhættir sem miða að því að flétta alþjóðleg viðfangsefni inn í öll svið námskrárinnar.

☐☐

- e) Boðið upp á bækur og myndir sem sýna fólk af margvíslegum þjóðernis- og menningarlegum uppruna.

☐☐

- f) Ráðnir eru kennarar sem endurspegla fjölbreyttan bakgrunn nemenda og/eða fjölskyldna þeirra.

☐☐

- g) Nemendur sem þurfa sérstakan stuðning í námi fá viðbótarstuðning.

☐☐



h) Nemendum kennt að vera umburðarlyndir gagnvart fólki af öllum þjóðfélagsstigum.

☐☐

i) Skýr stefna gegn kynjamisrétti.

☐☐

j) Skýr stefna gegn mismunun á grundvelli félags- eða efnahagslegrar stöðu

☐☐

k) Viðbótarstuðningur er veittur nemendum með erfiðan bakgrunn.

☐☐

l) Stuðlað að öruggu skólaumhverfi fyrir nemendur með mismunandi kynhneigð og kynvitund.

☐☐

---

## PQ\_47\_is-IS

**Hversu margir kennarar við skólann myndu vera sammála eftirfarandi fullyrðingum að þínu mati?**

*Vinsamlegast merktu við eitt svar í hverri línu.*

Enginn eða  
næstum enginn

Nokkrir

Margir

Allir eða nánast  
allir

a) Það er mikilvægt að vera opin(n) fyrir mismunandi menningarbakgrunni nemenda.

☐☐☐☐

b) Það er mikilvægt að nemendur læri að fólk af mismunandi uppruna geti haft mismunandi gildismat.

☐☐☐☐

c) Börn og unglingar ættu sem fyrst að læra að virða aðra menningarheima.

☐☐☐☐

d) Börn og unglingar ættu að læra að fólk af mismunandi uppruna á margt sameiginlegt.

☐☐☐☐

e) Skólar ættu að hvetja nemendur af mismunandi þjóðfélagsstigum til þess að vinna saman.

☐☐☐☐

f) Nemendur þyrftu að læra að vinna gegn kynjamisrétti.

☐☐☐☐

g) Það er mikilvægt að koma eins fram við nemendur óháð kyni.

☐☐☐☐

h) Það er mikilvægt að koma eins fram við nemendur af öllum þjóðfélagsstigum.

☐☐☐☐

i) Það auðgar námsupplifunina í skólastofunni ef hátt hlutfall nemenda þarf sérstakan stuðning í námi.

☐☐☐☐

j) Nemendum ætti að finnast auðvelt að tjá ólíka kynhneigð og kynvitund í skólanum.

☐☐☐☐

---

## PQ\_Headline\_Edu\_Sustain\_is-IS

### Nám og sjálfbærni á sviði umhverfismála

*Í þessum kafla eru spurningar um stefnu skólans og starfshætti varðandi sjálfbærni á sviði umhverfismála, með sérstakri áherslu á loftslagsbreytingar*

*Með „sjálfbærni“ er átt við það að geta fullnægt þörfum okkar í dag án þess að stefna í voða möguleikum komandi kynslóða til þess að fullnægja sínum þörfum. Það felur í sér varðveislu náttúruauðlinda og verndun vistkerfa jarðarinnar. Loftslagsbreytingar eru ein helsta ógnin við sjálfbærni á sviði umhverfismála.*

*„Loftslagsbreytingar“ nær yfir hlýnun jarðar en vísar einnig til viðtækari breytinga, þ. á m. hækkandi sjávarborðs, minnkandi jökla, hraðari bráðnunar heimskautaíss, breytts blómgunartíma plantna sem og áhrifa þeirra á umhverfið, efnahag og samfélag.*

## PQ\_48\_is-IS

**Ef þú leiðir hugann að stuðningshlutverki þínu sem skólastjóri í tengslum við menntun um sjálfbærni á sviði umhverfismála, hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum?**

*Vinsamlegast merktu við eitt svar í hverri línu.*

Mjög ósammála

Ósammála

Sammála

Mjög sammála

- a) Það er mikilvægt að ég sem skólastjóri láti sjálfbærni á sviði umhverfismála í skólanámskránni til mín taka.

☐☐☐☐

- b) Ég hef þau úrræði sem þarf til þess að þróa skólastefnu um að taka sjálfbærni á sviði umhverfismála inn í námskrána.

☐☐☐☐

- c) Ég hef þá trú að ég geti stutt við bakið á kennurum þannig að þeim verði kleift að kenna um sjálfbærni á sviði umhverfismála.

☐☐☐☐

- d) Það er of erfitt fyrir fólk eins og mig að gera nokkuð sem máli skiptir varðandi sjálfbærni á sviði umhverfismála.

☐☐☐☐

e) Ég hef áhyggjur af kvörtunum foreldra/forráðamanna í sambandi við kennslu um loftslagsbreytingar.

☐☐☐☐

f) Ég bregst við áhyggjum nemenda varðandi framtíðina í umhverfismálum.

☐☐☐☐

g) Ég hvet kennara til þess að virkja nemendur til þess að grípa til aðgerða gegn loftslagsbreytingum.

☐☐☐☐

h) Ég hvet kennara til þess að kenna um loftslagsbreytingar þvert á námsgreinar.

☐☐☐☐

---

## PQ\_51\_is-IS

**Að hve miklu leyti hamla eftirfarandi atriði fræðslu í þessum skóla um loftslagsbreytingar?**

*Vinsamlegast merktu við eitt svar í hverri línu.*

Alls ekki

Að einhverju leyti

Að þó nokkru leyti

Að miklu leyti

a) Kennurum finnst efnið ekki tengjast námsgreinunum sem þeir kenna.

☐☐☐☐

b) Kennurum finnast nemendurnir of ungir.

☐☐☐☐

c) Kennarar vita ekki nóg um efnið.

☐☐☐☐

d) Kennara skortir kennsluefni til þess að geta kennt um efnið.

☐☐☐☐

e) Kennarar efast um loftslagsbreytingar.

☐☐☐☐

f) Skólaráð eða ríki/sveitarfélag leyfa það ekki.

☐☐☐☐

g) Kennarar telja að nemendur hafi nú þegar lært um loftslagsbreytingar í skólanum.

☐☐☐☐

h) Námskráin er ekki nógu sveigjanleg.

☐☐☐☐

i) Samkvæmt námskránni er ekki krafist kennslu um loftslagsbreytingar.

☐☐☐☐

j) Ekki er prófað úr efni um loftslagsbreytingar.

☐☐☐☐

---

## PQ\_52\_is-IS

**Að hve miklu leyti hefur þú persónulega áhyggjur af loftslagsbreytingum?**

*Vinsamlegast merktu við eitt svar.*

☐

Alls ekki

☐

Að einhverju leyti

☐

Að þó nokkru leyti

☐

Að miklu leyti

---

## PQ\_53\_is-IS

**Mikið hefur verið fjallað um loftslagsmál í heiminum og þá hugmynd að loftslag hafi breyst á undanförunum áratugum. Hver eftirfarandi fullyrðinga kemst næst því að lýsa skoðun þinni?**

*Vinsamlegast merktu við eitt svar.*

- ☐ Loftslag í heiminum hefur ekki verið að breytast.
  - ☐ Loftslag í heiminum hefur breyst aðallega af náttúrulegum ástæðum.
  - ☐ Loftslag í heiminum hefur breyst jafnt af mannavöldum og af náttúrulegum ástæðum.
  - ☐ Loftslag í heiminum hefur breyst að mestu af mannvöldum.
  - ☐ Ég veit það ekki.
- 

## **PQ\_Headline\_Occupational\_Perc\_is-IS**

### **Sýn á starfið**

---

## **PQ\_54\_is-IS**

**Í hversu mörg ár til viðbótar viltu starfa sem skólastjóri?**

*Vinsamlegast skrifaðu tölu.*



ár

## PQ\_55\_is-IS

**Að hve miklu leyti veldur eftirfarandi þér streitu í starfi þínu?**

*Vinsamlegast merktu við eitt svar í hverri línu.*

Alls ekki

Að einhverju leyti

Að þó nokkru leyti

Að miklu leyti

a) Að þurfa að sinna kennaramati í of miklum mæli

b) Að þurfa að sinna of mikilli skriffinnsku (t.d. að fylla út eyðublöð)

c) Aukaálag vegna fjarveru starfsfólks skólans

d) Að vera gerð(ur) ábyrg(ur) fyrir árangri nemenda

e) Að halda uppi aga í skólanum

f) Að vera ógnað eða verða fyrir áreitni/svívirðingum af hendi nemenda

☐☐☐☐

g) Að halda í við breytilegar kröfur ríkis/sveitarfélaga

☐☐☐☐

h) Að taka á þeim áhyggjum sem foreldrar eða forráðamenn kunna að viðra

☐☐☐☐

i) Að mæta þörfum nemenda sem þurfa sérstakan stuðning í námi

☐☐☐☐

j) Að vera gerð(ur) ábyrg(ur) fyrir félagslegri og tilfinningalegri velferð nemenda

☐☐☐☐

k) Að þurfa að aðlaga starfsemi skólans vegna óvæntrar röskunar (t.d. náttúruhamfara, neyðarástands/faraldurs, hörmungarástands)

☐☐☐☐

---

PQ\_56\_is-IS

**Við viljum gjarnan vita hvað þér finnst almennt um starf þitt. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum?**

*Vinsamlegast merktu við eitt svar í hverri línu.*

Mjög ósammála

Ósammála

Sammála

Mjög sammála

a) Kostir þessa starfs vega mun þyngra en ókostirnir.

☐☐☐☐

b) Ef ég gæti valið aftur um starf myndi ég einnig velja þetta starf eða þessa stöðu.

☐☐☐☐

c) Ég myndi vilja skipta um skóla ef það væri mögulegt.

☐☐☐☐

d) Ég sé eftir að hafa ákveðið að verða skólastjóri.

☐☐☐☐

e) Mér líkar vel að starfa í þessum skóla.

☐☐☐☐

f) Ég velti því fyrir mér hvort það hefði verið betra að velja annað starf.

☐☐☐☐

g) Ég myndi mæla með þessum skóla sem góðum vinnustað.

☐☐☐☐

h) Ég held að kennarastarfið sé mikils metið í þjóðfélaginu.

☐☐☐☐

i) Ég er ánægð(ur) með frammistöðu mína í þessum skóla.

☐☐☐☐

j) Í heildina er ég sátt(ur) við starf mitt.

☐☐☐☐

## PQ\_57\_is-IS

### Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum?

*Vinsamlegast merktu við eitt svar í hverri línu.*

Mjög ósammála

Ósammála

Sammála

Mjög sammála

a) Ég er sátt(ur) við launin sem ég fæ fyrir vinnu mína.

☐☐☐☐

b) Burtséð frá laununum er ég ánægð(ur) með það sem kveðið er á um í ráðningarsamningi mínum (t.d. starfsréttindi, vinnuskipulag).

☐☐☐☐

c) Ég er sátt (ur) við þann stuðning sem ég fæ frá starfsfólki skólans.

☐☐☐☐

d) Ég þarfnast meiri stuðnings frá ríki/sveitarfélagi.

☐☐☐☐

e) Ég hef engin áhrif á ýmsar ákvarðanir sem skipta máli fyrir starf mitt.

☐☐☐☐

---

## PQ\_Headline\_End\_is-IS

Spurningalistanum lýkur hér.

**Kærar þakkir fyrir þátttökuna!**

---

## PQ\_03\_ADL\_is-IS

**Hvert er hæsta stig formlegrar menntunar sem þú hefur lokið?**

*Vinsamlegast merktu við eitt svar.*

- ☐ Unglingastig eða lægra námsstig
- ☐ Kennarapróf (ekki á háskólastigi)
- ☐ Sveinspróf
- ☐ Listnám (ekki á háskólastigi)
- ☐ Stúdentspróf
- ☐ Iðnmeistarapróf
- ☐ Sveins- eða iðnmeistarapróf að viðbættum kennsluréttindum, þ.e. 6 mán. - 2 ára háskólanámi
- ☐ Listnám (ekki á háskólastigi) að viðbættum kennsluréttindum, þ.e. 6 mán. - 2 ára háskólanámi
- ☐ Verk-, list, tækni- eða starfsgreinamiðað háskólanám að hámarki um 2 ár
- ☐ Verk-, list, tækni- eða starfsgreinamiðað háskólanám að hámarki um 2 ár, að viðbættum kennsluréttindum (6 mán. - 2 ára háskólanámi)
- ☐ B.A., B.Sc. (ekki á sviði menntunar/kennslufræða)
- ☐ B.A., B.Sc. að viðbættu 6 mán. - 2 ára kennsluréttindanámi
- ☐ B.Ed. eða annað bakkalárpróf á sviði menntunar/kennslufræða
- ☐ M.A., M.Sc. (ekki á sviði menntunar/kennslufræða)
- ☐ M.A., M.Sc., að viðbættu 6 mán. - 2 ára kennsluréttindanámi
- ☐ M.Ed., M.Art.Ed. eða annað meistarapróf á sviði menntunar/kennslufræða

- ☐ Doktorspróf (ekki á sviði kennslu/menntunarfræða)
  - ☐ Doktorspróf að viðbættum kennsluréttindum, þ.e. 6 mán. - 2 ára háskólanámi
  - ☐ Doktorspróf á sviði menntunar/kennslufræða
- 

## PQ\_12\_ADL\_is-IS

**Hvað lýsir best samfélaginu þar sem skólinn þinn er?**

*Vinsamlegast merktu við eitt svar.*

- ☐ 1.000 íbúar eða færri
  - ☐ 1.001 til 3.000 íbúar
  - ☐ 3.001 til 15.000 íbúar
  - ☐ 15.001 til 100.000 íbúar
  - ☐ Fleiri en 100.000 íbúar
- 

## PQ\_21\_a\_is-IS

## Í síðastliðnum mánuði, hvernig var þátttöku nemenda í kennslustundum háttað í þessum skóla?

*Vinsamlegast merktu við eitt svar í hverri línu.*

Í engri kennslu- stund

Í sumum kennslu- stundum

Í öllum kennslu- stundum

a) Allir nemendur tóku þátt í eigin persónu.

☐☐☐

b) Allir nemendur tóku þátt á netinu.

☐☐☐

c) Sumir nemendur tóku þátt á netinu, aðrir í eigin persónu.

☐☐☐

---

## PQ\_Start\_is-IS





Efnahags- og framfarastofnun (OECD)

Alþjóðleg rannsókn á kennslu og námi (TALIS) 2024

PQ\_53\_a\_is-IS

Samkvæmt þinni reynslu sem skólastjóri í þessum skóla, að hvaða marki gerist eftirfarandi?

Vinsamlegast merktu við eitt svar í hverri línu.

	Alls ekki	Að einhverju leyti	Að þó nokkru leyti	Að miklu leyti
a) Ég finn fyrir streitu í vinnunni.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
b) Í starfinu hef ég tíma til þess að sinna persónulegum hugðarefnum.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
c) Starfið hefur slæm áhrif á andlega heilsu mína.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
d) Starfið hefur slæm áhrif á líkamlega heilsu mína.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>